

Heimar hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Í viku 34 keyptu Heimar hf. („Heimar“) 1.300.000 eigin hluti að kaupverði 47.720.000 kr. í samræmi við eftirfarandi:

Dagsetning	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð (gengi)	Kaupverð (kr.)
19.08.2025	09:38	400.000	36,7	14.680.000
20.08.2025	09:42	400.000	36,6	14.640.000
22.08.2025	10:28	500.000	36,8	18.400.000
Samtals		1.300.000		47.720.000

Viðskiptin eru í samræmi við endurkaupaáætlun Heima sem tilkynnt var um þann 9. júlí 2025. Endurkaup munu samkvæmt áætluninni nema að hámarki 500.000.000 kr. að kaupverði og mun áætlunin vera í gildi þar til því hámarki er náð, þó aldrei lengur en fram að aðalfundi félagsins 2026.

Heimar áttu 19.545.000 hluti fyrir ofangreind viðskipti og á því að þeim loknum 20.845.000 hluti, eða um 1,03% af útgefnum hlutum í félaginu, og nemur heildarkaupverð þeirra 757.724.000 kr.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar er í samræmi við lög um hlutafélög, nr. 2/1995, 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014, um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021, sem og framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2016 /1052/EB, sem hefur að geyma tæknilega skilmála varðandi endurkaupaáætlunir.

Nánari upplýsingar veitir Björn Eyþór Benediktsson – Framkvæmdastjóri fjármála – eythorb@heimar.is

Viðhengi

[Heimar hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)